

## REGLUGERÐ

### um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

#### 1. gr.

Rétt til eftirlauna (ellilífeyris) eiga þeir félagar í stéttarfélögum innan Alþýðusambands Íslands, sem fullnægja öllum eftirtöldum skilyrðum:

- a. eru fæddir árið 1914 eða fyrr.
- b. hafa náð 70 ára aldri og látið af störfum. Sá, sem nýtur atvinnuleysisbóta eða slysadagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar, telst ekki hafa látið af störfum. Nú tekur maður, sem látið hefur af störfum, upp störf að nýju, og fellur þá niður réttur hans til eftirlauna, meðan hann heldur áfram störfum. Slík niðurfelling skal reiknuð í heilum mánuðum fyrir hvert almanaksár um sig, en broti úr mánuði sleppt. Sé um stopla vinnu að ræða, skal reikna 25 vinnudaga í mánuði, en sé óvissa um lengd vinnutímans, skal reikna mánaðartekjur sem tekjur af dagvinnu að viðbættum 40%, miðað við taxa þann, sem lagður er til grundvallar við útreikning eftirlauna. Nú heldur maður, sem var í fullu starfi árið 1967, áfram starfi að hluta, og er þá heimilt að greiða honum skert eftirlaun, enda séu launatekjur hans eigi hærri en hálf föst laun þau, er fylgja starfi því, er hann gegndi.
- c. voru í starfi í árslok 1967, sem verið hefði tryggingarskylt samkvæmt samkomulagi atvinnurekenda og Alþýðusambands Íslands frá 19. maí 1969, ef samkomulagið hefði öðlazzt gildi 1. janúar 1955, sbr. 3. gr.
- d. hafa áunnið sér réttindatíma samkvæmt 4. gr., sbr. 6. gr.

#### 2. gr.

Falli félagi frá eftir 31. desember 1969, sem áunnið hefur sér a. m. k. 5 ára réttindi, skal eftirlifandi maki hans eiga rétt til eftirlauna (makalífeyris) samkvæmt 6. gr.

#### 3. gr.

Það telst jafngilda starfi í árslok 1967, ef hlutaðeigandi hefur starfað a. m. k. hálf t árið 1967 og sannanlega verið frá vinnu sökum slyss, veikinda eða atvinnuleysis í lok ársins. Sama gildir, þótt maður hafi af þessum sökum verið frá vinnu að miklu eða öllu leyti árið 1967, ef hann hefur síðan tekið upp störf á ný um lengri tíma.

Hafi maður næstu ár á undan einungis stundað vinnu, er rétt veitir til eftirlauna, tímabundið eða stopult, skal hann teljast hafa verið í starfi í árslok 1967, ef hann hefur haft launatekjur það ár, er nemi a. m. k.  $\frac{2}{3}$  af meðaltali þeirra 5 ára, sem lögð eru til grundvallar við útreikning eftirlauna, sbr. 5. gr.

#### 4. gr.

Til réttindatíma félaga skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955, sem hann hefur verið að störfum, sem verið hefðu tryggingarskyld, sbr. c-lið 1. gr., svo og aðeins þann tíma, sem hann hefur verið fullgildur félagi stéttarfélags innan Alþýðusambands Íslands. Félagsréttindi má reikna frá byrjun þess almanaksárs, er maður verður fullgildur félagi.

Réttindatími manns, sem ekki hafði náð 55 ára aldri í árslok 1954, reiknast frá 1. næsta mánaðar eftir, að þeim aldri er náð. Haldi maður áfram störfum eftir 70 ára aldur, reiknast einnig til réttindatíma hans sá tími, sem hann er að störfum eftir sjötugt, en þó getur samanlagður réttindatími aldrei orðið lengri en 20 ár.

Til réttindatíma telst ekki sá tími, sem maður er að störfum, sem tekið hefur upp störf að nýju eftir að hafa hafið töku eftirlauna. Við úrskurðun makalífeyris skal þó taka tillit til þess tíma fram til 75 ára aldurs hins látna, sem lífeyrir hefur verið felldur niður samkvæmt b-lið 1. gr., og á sama hátt skal réttindatími félaga reiknaður á ný, er hann nær 75 ára aldri.

Réttindatími, sem áunninn er eftir árslok 1969 og miðast við iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóðs, reiknast í mánuðum.

#### 5. gr.

Fjárhæð eftirlauna miðast við réttindatíma samkvæmt 4. gr., sbr. 6. gr., og meðallaun félagsins.

Þegar meðallaun félagsins eru reiknuð, skal miða við laun, sem iðgjöld hefði átt að greiða af samkvæmt 3. málsg. 10. gr. samkomulags atvinnurekenda og Alþýðusambands Íslands frá 19. maí 1969 síðustu 5 almanaksárin, áður en hann lét af störfum. Frá og með árinu 1970 skal stuðzt við upplýsingar frá hlutaðeigandi lífeyrissjóði. Um launatekjur fyrir þann tíma skal stuðzt við skattframtöl, en þó skal aldrei miða við hærri árslaun en þau, sem greiða hefði átt iðgjöld af samkvæmt nefndu ákvæði samkomulagsins.

Séu launatekjur félaga tiltekið ár verulega undir meðaltali 5 ára, er heimilt að sleppa því og taka í staðinn annað ár við útreikning meðallaunanna, enda séu skilyrðin fyrir eftirlaunarétti engu að síður uppfyllt, og styttist þá réttindatíminn jafnframt um eitt ár.

#### 6. gr.

Eftirlaun skulu vera eftirfarandi hundraðshluti meðallauna samkvæmt 5. gr.:

Réttindatími	Ellilífeyrir	Makalífeyrir
5 ár .....	—	10%
6 — .....	—	11%
7 — .....	—	12%
8 — .....	—	13%
9 — .....	—	14%
10 — .....	12.5%	15%
11 — .....	14.0%	16%
12 — .....	15.5%	17%
13 — .....	17.0%	18%
14 — .....	18.5%	19%
15 — .....	20.0%	20%
16 — .....	22.0%	21%
17 — .....	24.0%	22%
18 — .....	26.0%	23%
19 — .....	28.0%	24%
20 — .....	30.0%	25%

Skemmri réttindatími en 10 ár veitir ekki rétt til ellilífeyris.

Greiðslur úr lífeyrissjóðum koma til frádráttar greiðslum samkvæmt grein þessari. Sé um að ræða skemmri réttindatíma í lífeyrissjóði en 20 ár, skal þó aldrei reikna til frádráttar hærri fjárhæð elli- eða örorkulífeyris en ofangreinda hundraðshluta af meðallaunum sjóðfélagsins, eins og þau eru reiknuð samkvæmt 5. gr. Veiti sjóður elli- eða örorkulífeyri fyrir skemmri réttindatíma en 10 ár, skal reikna 1.2% af meðallaunum til frádráttar fyrir hvert ár.

Eigi eftirlaunamaður innstæðu í lífeyrissjóði með séreignaskipulagi, skal árlegur frádráttur nema 10% af innstæðunni, eins og hún er, þegar eftirlaunagreiðslur samkvæmt þessari grein hefjast.

Hafi hlutaðeigandi eftir 19. maí 1969 gengið úr lífeyrissjóði og afsalað sér lífeyrisréttindum sínum, skal sá lífeyrir, sem hann ella hefði átt rétt á úr sjóðnum, dragast frá eftir framangreindum reglum. Sé um að ræða lífeyrissjóð, sem stofnaður er eftir gildistöku laga nr. 18 1970, skal frádráttur ekki vera lægri en hann mundi vera samkvæmt þeim reglum, er tíðkast hjá lífeyrissjóðum stéttarfélaga, sem starfræktir voru fyrir gildistöku laganna.

#### 7. gr.

Greiðslur eftirlauna eiga sér stað frá 1. janúar 1970 til þeirra, sem þá uppfylltu skilyrði fyrir eftirlaunarétti. Til þeirra, sem síðar öðlast rétt til eftirlauna, greiðast þau frá 1. næsta mánaðar eftir, að þeir öðlast réttinn, sbr. þó b-lið 1. gr.

Eftirlaun greiðast eftir á fyrir hvert greiðslutímabil, er hlutaðeigandi sjóðsstjórn ákveður. Þó skal eigi greitt oftar en mánaðarlega og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

#### 8. gr.

Stjórnir hlutaðeigandi lífeyrissjóða úrskurða eftirlaun og annast greiðslur þeirra. Eigi hlutaðeigandi eftirlaunaþegi ekki lífeyrisrétt í neinum lífeyrissjóði, skal stjórn lífeyrissjóðs stéttarfélags hans úrskurða eftirlaun og greiða þau.

#### 9. gr.

Umsjónarnefnd eftirlauna hefur yfirumsjón með úthlutun eftirlauna og úthlutar stjórnnum lífeyrissjóða, sbr. 8. gr., fé því, sem þarf til greiðslu eftirlaunanna. Skylt er stjórnnum lífeyrissjóða og skattstjóra að veita nefndinni þær upplýsingar, er þessir aðilar hafa handbærar og að gagni koma við ákvörðun eftirlaunaréttinda. Nefndin úrskurðar og um ágreining, sem upp kann að koma um úrskurðun og greiðslu eftirlauna.

#### 10. gr.

Umsóknir um eftirlaun skulu ritaðar á eyðublöð, er umsjónarnefnd eftirlauna lætur gera. Skulu eyðublöð þessi fást hjá verkalýðsfélögum og annars staðar eftir því, sem hentugt þykir.

Umsækjendum er skylt að svara öllum spurningum og veita þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess, að hægt sé að úrskurða um eftirlaunarétt.

Telji umsjónarnefndin upplýsingar um einhver þau atriði, er máli skipta um eftirlaunarétt, vera ófullnægjandi, skal hún fresta ávísun á greiðslu, unz úr hefur verið hætt, eða miða greiðslu við þann rétt, sem ótvíræður er.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 10. gr. laga nr. 18 1970 og öðlast gildi þegar í stað.

*Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 3. nóvember 1970.*

Eggert G. Þorsteinsson.

*Jón Ingimarsson.*